

Nr. 128 / 15 Bergur Sterki HU 17**Fékk á sig brotsjó**

Skipaskr.nr. 2452
Smíðaður: Mótun, Trefjablast, árg: 2000
Stærð: 8,93 brl. 8,42 bt.
Mesta lengd: 9,97 m Skráð lengd: 9,39 m
breidd: 3,08 m Dýpt: 1,13 m
Vél: Cummins 187 kw, árg: 2010
Fjöldi skipverja: 2



Bergur Sterki ©Jón Páll Ásgeirsson

Gögn:
Lögregluskýsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi þann 5. desember 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 29. desember 2015 var Bergur Sterki HU 17 staddur á Húnaflóa. Veður: SSA 17-21 m/sek og nokkur sjór.

Þegar báturinn var staddur um 8,5 sml NV af Skagaströnd á landleið fékk hann á sig brotsjó en við það brotnaði brúargluggi og hurð á stýrishúsi fór af karmi og út á þilfar. Skipstjórinn tilkynnti atvikið og stöðuna til Vaktstöðvar siglinga (VSS) kl. 12:41 sem hafði samband við Ölla Krók GK 211 en hann var rúmar 6 sml frá Bergi Sterka. Þá kom björgunarskipið Húnabjörg og sigldi á undan bátnum til að brjóta ölduna til hafnar á Skagastönd en Bergur Sterki sigldi í vari þétt aftan við björgunarskipið.

**Mynd 1 Brúargluggi brotnaði**

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjar voru við línudrátt í sunnan fræsingi en svo lyngdi í skamma stund. Þá rauk vindhraðinn skyndilega upp í allt að 30 m/sek;
- að skipverjar kláruðu að draga línuna og síðan var dólað af stað á 2-3 hnúta ferð til lands. Notuð var sjálfstýring;
- að dýpið var u.þ.b. 90-100 metrar á þeim stað sem brotið kom á bátinn;
- að mikill sjór komst í káetu bátsins sem gerði hann framsiginn;
- að öll siglingartæki skemmdust og mælaborð fyrir vélina blotnaði;

**Mynd 2 Hurð á stýrishúsi brotnaði út****Mynd 3 Mikill sjór komst í stýrishús**

- að eftirfarandi sjóveðurspá fyrir þetta svæði þennan dag var fengin frá Veðurstofu Íslands (VÍ):

Smk. beiðni er meðfylgjandi Sjóveðurspá fyrir Norðvesturmið, þ.m.t. Húnaflóa þann 29. desember 2015.

Sjóveðurspá er gefin út tvisvar sinnum á sólahring, útgáfutímar eru kl. 04:30 og 17:30. Sjóspá fyrir 29. desember hefur fyrst verið gefin út kl. 04:30 þann 28. desember. Spárnar eru í tímaröð og tímastrengurinn undir textanum gefur til kynna hvenær þær voru vistaðar í gagnagrunn Veðurstofunnar. Búið er að fjarlægja einkennisstafi einstakra veðurfræðinga.

28. desember 2015

Sjóspá, Norðvesturmið Gengur í SA og A 18-23 m/s, en minnkandi S-átt síðdegis, 8-13 undir kvöld. Lægir um tíma seint á morgun, en snýst í NA 10-15 annað kvöld.

2015-12-28 04:23:42.0

Sjóspá, Norðvesturmið S 8-13 m/s. S og SA 10-15 á morgun, en 15-20 um tíma síðdegis. A og NA 10-18 seint annað kvöld.

2015-12-28 17:37:56.0

29. desember 2015

Sjóspá, Norðvesturmið S og SA 13-18 m/s. S 15-23 um tíma eftir hádegi, hvassast A-til. NA og A 20-25 í nótt, hvassast N-til, en mun hægari breytileg átt í fyrramálið. SV 20-28 síðdegis á morgun, en hægari seint annað kvöld.

2015-12-29 04:05:49.0

- að í ljós kom að aðeins skipstjóri var skráður á bátinn og hafði enginn annar verið skráður fyrir utan hann frá því í mars eða u.þ.b. í níu mánuði. Fram kom hjá skipstjóra að um mistök hefði verið að ræða í þessum efnum.

Nefndarálit:

Nefndin telur að samkvæmt sjóveðurspá VÍ hefði mátt reikna með erfiðum aðstæðum fyrir bát af þessari stærð og þ.a.l. vanmat skipstjóra að vera á þessum slóðum.

Nefndin átelur skipstjórann fyrir að sinna ekki þeirri mikilvægu skyldu sinni að hafa rétt lögskráð á bátinn.

Sérstök ábending:

Nefndin beinir þeim tilmælum til allra skipstjóra að sinna lögskráningu áhafna sinna af kostgæfni enda tryggir hún réttarstöðu og skyldutryggingu þeirra sem eru um borð hverju sinni.